

Sp. 240. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði til framleiðslu á girðingarstaurum.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um, að Skógrækt ríkisins hefji nú þegar ræktun lerkis á Hallormsstað eða grennd með það fyrir augum að leitast við að fullnægja þörf Íslendinga fyrir girðingarstaura.

Greinargerð.

Í tali manna og ritum um skógrækt hér á landi og frásögnum af sigrum í þeirri ræktun er tíðast vitnað til lerkilundar eða svonefnds Guttormslundar í Hallormsstaðarskógi. En þar hefur fengizt mesti viðarvöxtur á landi hér, og þar hafa verið grundvallaðar áætlanir og útreikningar um ræktun gagnviðar og hversu arðgæf hún væri.

Ég hef nýlega séð setta upp áætlun um ræktun á girðingarstaurum úr lerki, sem mundu nægja nokkurn veginn til okkar þarfa, miðað við innflutning á slíkum staurum að meðaltali nokkur undanfarin ár. Innflutningur hefur verið rösklega 600 m³ á ári, sem gerir um 60 þús. staura, ef reiknað er með ca. 100 stk. í m³. Skógarvörðurinn á Hallormsstað, Sigurður Blöndal, áætlar, að það taki 15—25 ár, að meðaltali um 20, frá gróðursetningu að rækta staurana og sé heppilegast, að þeir standi svo þétt, að um 10 þús. staurar fái af ha. lands. Mundi þá þurfa um 6 ha. til ársframleiðslunnar eða alls a. m. k. 120 ha. undir þessa ræktun, trúlega þó nokkru meira. Óhjákvæmilegt er, að nokkur tími líði, þar til ræktaðir hafa verið nothæfir staurar. Þess vegna má ekki velta þessu máli fyrir sér, heldur hefja framkvæmdir strax.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur að vísu ekki tröllatru á gagnviðarræktun hér á landi né skógrækt yfirleitt, enda nýlega látið það í ljós í útvarpserindi. En hitt er nokkuð augljóst mál öllum, sem séð hafa skóglendi hérlendis, að hvergi eru skilyrðin betri en á Hallormsstað og á ofanverðu Fljótsdalshéraði. Verður ekki um það deilt, að skógarhjarta Íslands slær á Hallormsstað.

Nokkru fé og fremur vaxandi er varið til skógræktar. Er þó þess ekki að dyljast, að nokkuð eru skiptar skoðanir um nytjar þessarar starfsemi. Er því nokkurs virði, einnig frá þeirri hlið séð, að á þennan hátt sanni skógræktin gildi sitt hið fyrsta, en flestir virðast skilja betur mál peninganna en t. d. mál fegurðarinnar, sem ég hygg þó að sé öllu tamara íslenskum trjágróðri, ekki sízt þar sem hann er ræktaður við hús og heimili.

Á ofanverðu Fljótsdalshéraði eru, svo sem áður segir, hin beztu viðarræktar-skilyrði á landi hér. Þess á Héraðið að njóta í því, að fé og fyrirhöfn sé þar lagt fram í þessu skyni, og það á að fá að sanna gildi sitt fyrir þjóðfélagið allt, með því að leggja til gagnvið á þennan hátt, sem ég hef trú á að takist.

Hallormsstaður var svo lánsamur, að þar starfaði um hálfra aldar skeið einn allra spakvitrasti skógræktarmaður landsins, Guttormur Pálsson, sá, er lundurinn er við kenndur. Það er mjög tímabært að færa út kviarnar á grundvelli starfsemi hans og bendir margt til, að enn sé forsjá skógræktarinnar þar í góðum höndum, sem styrkir þær vonir, að ræktun girðingarstaura úr lerki megi takast þar. Það má ekki dragast að byrja, og þess vegna er þessi þáttill. flutt.